



Reykjavík, 5. október 2021

Forsætisráðuneytið

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags sjúkraþjálffara vegna máls nr. 173/2021: Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.

Félag sjúkraþjálffara (FS) fagnar skýrslu starfshópsins og þakkar tækifærið til að veita umsögn. Sjúkraþjálffarar eru ein af 35 heilbrigðisstéttum með lögverndað starfssvið á Íslandi. Til þess að verða sjúkraþjálffari þarf viðkomandi að ljúka 180 ECTS eininga BSc gráðu og 120 ECTS eininga námi á meistarastigi til starfsréttinda frá Háskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum háskóla auk þess að hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis.

Stærsti hluti sjúkraþjálffara eru konur eins og víðast hvar á Norðurlöndum. Skv. félagaskrá eru 70% félagsmanna konur, en hlutfallið breytist þegar litið er til sjúkraþjálffara sem starfa hjá ríki, en þar er hlutfallið 95%. Því er ljóst að karlkyns sjúkraþjálffarar leita í mun meiri mæli í sjálfstæða starfsemi. Ljóst er að tekjumöguleikar eru hér stór áhrifavaldur. Stærsti hluti þeirra sjúkraþjálffara sem eru ríkisstarfsmenn starfa á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þar hafa laun ekki verið samkeppnishæf um margra ára skeið sem endurspeglast í því að ekki hvefur tekist að fullmanna stöðugildi sjúkraþjálffara þar um árabíl. Markaðslögmálið um framboð og eftirspurn hefur ekki skilað sér í launaumslag sjúkraþjálffara hjá ríki í gegnum tíðina.

Félag sjúkraþjálffara fagnar því að leitast eigi eftir því að leggja mat á verðmæti starfa og tekur undir mikilvægi þess að nota jafnvirðisnálgun á mat á því hvort ólík störf séu jafnverðmæt. Taka þarf markviss skref í því að útrýma ekki bara kynbundnum launamun, heldur einnig kynbundnu verðmætamati á störfum.

Félag sjúkraþjálffara hvetur aðgerðahóp stjórnvalda til dáða og sjúkraþjálffarar eru reiðubúnir til samráðs og þátttöku í þeirri vinnu sem fram undan er. Fyrirliggjandi skýrsla er vel unnin og góð byrjun á þessu gríðarlega mikilvæga baráttumáli sem launajafnrétti er.

F.h. Félags sjúkraþjálffara

Unnur Pétursdóttir

Formaður